



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

### **Tillaga um breytingu á hámarkshraða**

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð :

- Að Gvendargeisli, frá Jónsgeisla að núverandi 30 km/klst svæði hafi leyfilegan 40 km/klst hámarkshraða
- Að Jónsgeisli, 30 m næst Krosstorgi hafi leyfilegan 40 km/klst hámarkshraða
- Að Bugða milli Mánatorgs og Goðatorgs hafi leyfilegan 40 km/klst hámarkshraða
- Að Grænistekkur, frá Stekkjarbakka að núverandi 30 km/klst svæði hafi leyfilegan 40 km/klst hámarkshraða
- Að Litlahlíð hafi leyfilegan 30 km/klst hámarkshraða
- Að Einarsnes hafi leyfilegan 30 km/klst hámarkshraði
- Að Hofsvallagata hafi leyfilegan 30 km/klst hámarkshraða
- Að Ægissíða hafi leyfilegan 30 km/klst hámarkshraða
- Að Nesvegur hafi leyfilegan 30 km/klst hámarkshraða

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Á fundi umhverfis- og skipulagsráð þann 14. desember 2022 voru samþykktar umtalsverðar hámarkshraðabreytingar í borginni í samræmi við hámarkshraðaáætlun Reykjavíkurborgar.

Við endanlega hönnun og útfærslu á uppsetningu skilta komu í ljós nokkrir vegbútar þar sem breyta þyrfti hámarkshraða til að aðlaga að heppilegri hönnun. Í flestum tilfellum hefur hámarkshraði hefur verið lækkaður í 40 km/klst á aðlægni götu en 30 km/klst hámarkshraði hefst ekki við gatnamót heldur aðeins innar í götunni. Lagt er til að Einarsnes verði allt með 30 km/klst hámarkshraða, þ.e. hámarkshraði lækki í 30 km/klst við Gnitanes en gert var ráð fyrir í upprunalegri tillögu að 40 km/klst hámarkshraði væri að húsum sem standa norðan götunnar, flugbrautarmegin.

Á Hofsvallagötu, Ægissíðu og Nesvegi er verið að leggja til 30 km/klst. Við samþykkt hámarkshraðaáætlunar var tiltölulega nýbúið að lækka hámarkshraða á þessum götum í 40 km/klst og þótti á þeim tíma ekki rétt að eiga við það þó svo að göturnar séu að mörgu leiti áþekkar og margar götur þar sem hámarkshraði er 30 km/klst skv. áætluninni. Því er nú við innleiðingu á hámarkshraðaáætluninni lagt til að vikið sé frá henni á þessum götum.




Reykjavíkurborg

Í samræmi við 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan fengið umsögn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
Samgöngustjóri


Hjálagt:  
Myndir sem sýna þá staði sem um ræðir



40 km/klst hámarkshraði á Gvendargeisla og á Jónsgeisla norðan Krossatorgs



Bugða milli Mánatorgs og Goðatorgs, 40 km/klst.




Grænistekkur, 40 km/klst hámarkshraði. Þegar er 30 km/klst hámarkshraði á öðrum hluta Grænastekks.



Litlahlíð og Eskitorg, 30 km/klst. Þegar hefur verið samþykktur 30 km/klst hámarkshraði á Eskihlíð, Lönguhlíð, Hamrahlíð og Hörgshlíð.



Einarsnes, 30 km/klst hámarkshraði merkt með grænum lit. Þegar hefur verið samþykktur 40 km/klst hámarkshraði á Suðurgötu að Einarsnesi.



*Hofsvallagata, 30 km/klst, nú þegar er 30 km/klst hámarkshraði austan Hringbrautar.*



Reykjavíkurborg



*Nesvegur og Ægissíða, 30 km/klst*



Reykjavík, 27. febrúar 2024

USK23010018

Umhverfis- og skipulagsráð  
Borgartún 12-14  
105Reykjavík

### **Umsögn íbúaráðs Vesturbæjar - Tillaga um breytingu á hámarkshraða**

Á fundi íbúaráðs Vesturbæjar 26. febrúar 2024, var lögð fram og samþykkt hjálögð umsögn íbúaráðs Vesturbæjar, dags. 26. febrúar 2024, um tillögu skrifstofu samgangna og borgarhönnunar um breytingu á hámarkshraða sem send var íbúaráðum Reykjavíkurborgar til umsagnar með bréfi umhverfis- og skipulagssviðs dags. 16. febrúar 2024, sbr. 3. liður fundargerðar sama dag.

Hjálagðri umsögn er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,  
Heimir Snær Guðmundsson  
*Miðlæg stjórnýsla*  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*  
Starfsmaður íbúaráða Reykjavíkurborgar

Hjálagt: Umsögn íbúaráðs Vesturbæjar - Tillaga um breytingu á hámarkshraða



**Reykjavík**

**Umsögn íbúaráðs Vesturbæjar, dags. 26. febrúar 2024 um tillögu skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar um breytingu hámarkshraða, dags. 8. febrúar 2024.**

Íbúaráð Vesturbæjar fagnar tillögu um að lækka hámarkshraða á Einarsnesi, Hofsvallagötu, Ægisíðu og Nesveg í 30 km/klst. Nauðsynlegt er að áréttu að íbúaráðið telur ekki nóg að setja upp skilti og merkingar. Hraðatemprandi breytingar þurfa að fylgja, svo sem að þrengja götur, gera sveiga (eins og á hluta Hofsvallagötu og Ægisíðu) og bæta við gróðri.





Reykjavík, 7. mars 2024

USK23010018

Umhverfis- og skipulagsráð  
Borgartún 12-14  
105Reykjavík

## Umsögn íbúaráðs Breiðholts - Tillaga um breytingar á hámarkshraða

Á fundi íbúaráðs Breiðholts, 6. mars 2024, var lögð fram og samþykkt hjálögð umsögn íbúaráðs Breiðholts, dags. 6. mars 2024, um tillögu skrifstofu samgangna og borgarhönnunar um breytingu á hámarkshraða, sem send var íbúaráðum Reykjavíkurborgar til umsagnar með bréfi umhverfis- og skipulagssviðs dags. 16. febrúar 2024, sbr. 1. liður fundargerðar sama dag.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks og slembivalin fulltrúi sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, íbúasamtaka og foreldrafélaga leggja fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráðið í Breiðholts fagnar innleiðingu á lækkandi umferðahraða í hverfinu enda er markmiðið að stuðla að bættu umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda innan hverfisins en rannsóknir sýna að fylgni er á milli hraða og slysatíðni. Forgangsatíði fyrir meira öryggi vegfarenda er að draga úr hraða til að auka öryggi gangandi og hjólandi. Um Grænastekk liggur fjölfarin stofnbraut hjólreiða og mikil umferð gangandi en tæplega 7500 vegfarendur fara vikulega um hana mest 350 á dag. Ráðið hefði viljað ganga lengra og hafa 30 km hraða út að Stekkjabakka, í stað 40km eins og tillaga umhverfis- og skipulagssvið gengur út á. Í ljósi þess hversu fjölfarin leið þetta er vill ráðið láta meta hvort sé þörf á enn frekari úrbótum um eða við þverunina sem tryggir sýnileika og öryggi þeirra sem þarna fara um enn betur.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í íbúaráði Breiðholts telur ástæðu til að endurskoða leyfilegan hámarkshraða vélknúinna ökutækja á þeim hluta Grænastekks sem umsagnarbeiðni umhverfis- og skipulagssviðs laut að. Undirbúningur málsins hefði mátt vera heppilegri þar eð það var ekki fyrr en rétt fyrir fundinn í dag sem fullnægjandi upplýsingar lágu fyrir svo hægt væri að taka upplýsta afstöðu til umsagnarbeiðinnar. Fallast má á að við ákvörðun um áðurnefndan leyfilegan hámarkshraði eigi að taka ríkt tillit til hagsmuna gangandi vegfarenda, sem og hljóðreiðafólks, ásamt því að aðstæður við þverunina á þessum hluta Grænastekks séu færðar til betri vegar, svo sem með tilliti til lýsingar.

Hjálagðri umsögn er hér með komið á framfæri.



Reykjavík



Virðingarfyllst,  
Heimir Snær Guðmundsson  
*Miðlæg stjórnýsla*  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*  
Starfsmaður íbúaráða

Hjálagt: Umsögn íbúaráðs Breiðholts - Tillaga um breytingar á hámarkshraða



**Reykjavík**

**Umsögn íbúaráðs Breiðholts dags. 6. mars 2024 um tillögu að breytingu á hámarkshraða**

Fulltrúar íbúaráðsins fagna breyttum hraðatillögum í hverfinu sem eru til þess fallnar að stuðla að bættu umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda innan hverfisins. Rannsóknir sýna að fylgni er á milli hraða og slysatíðni. Því er mikilvægt að draga úr honum til að auka öryggi gangandi og hjólandi ásamt því að auka sýnileika gönguþverana með betri lýsingu og götuþrengingum sem draga úr hraða. Ráðið er fylgjandi því að lækka hámarkshraða frá Stekkjarbakka að Grænastekk úr 50 km í 40 km. Ráðið hefur efasemdir með hvort 40 km sé nógu mikil lækkun, hvort hefði ekki verið betra að lækka niður í 30 km eins og Grænistekkur frá gönguþverun er inn í íbúahverfið. Mjög fjölfarin göngu- og hjólaþverun er yfir Grænastekk og skv. talningum borgarvefsjár ferðast tæplega 7500 hjólandi og gangandi þarna yfir vikulega, mest 350 einstaklingar daglega. Vill ráðið láta meta hvort þessi hraðalækkun sé nægileg til að tryggja öryggi gangandi og hjólandi, eftir atvikum að fara í fleiri úrbætur sem tengjast öryggi eins og bætt lýsing við þverunina eða annarskonar einkenni til að vara ökumenn við þessari fjölmennu göngu- og hjólaþverun. Með breytttri landnotkun í Mjódd, frekar uppbyggingu húsnæðis og komu Borgarlínunnar væri mikilvægt að endurskoða ökuhraða, aðgengi hjólandi og gangandi niður í Elliðaárdalinn um þessa mikilvægu leið.



Reykjavík, 13. mars 2024

USK23010018

Umhverfis- og skipulagsráð  
Borgartún 12-14  
105Reykjavík

## Umsögn íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts um tillögu að breytingu á hámarkshraða

Á fundi íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts 12. mars 2024, var lögð fram og samþykkt hjálögð umsögn ráðsins, dags. 12. mars 2024, um tillögu skrifstofu samgangna og borgarhönnunar um breytingu á hámarkshraða, sem send var íbúaráðum Reykjavíkurborgar til umsagnar með bréfi umhverfis- og skipulagssviðs dags. 16. febrúar 2024, sbr. 2. liður fundargerðar ráðsins sama dag.

Með hliðsjón af ofangreindu er hjálagðri umsögn hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt,  
Heimir Snær Guðmundsson  
*Miðlæg stjórnsýsla*  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*  
Starfsmaður íbúaráða Reykjavíkurborgar

Hjálagt: Umsögn íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts um tillögu að breytingu á hámarkshraða



Reykjavík

**Umsögn íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts dags. 12. mars 2024 um tillögu að breytingu á hámarkshraða**

Íbúaráð Árbæjar- og Norðlingaholts hefur lengi kallað eftir öryggisúrbótum í umferðarmálum í Norðlingaholti, þar sem hraðakstur virðist vera vandamál. Við leggjumst því ekki gegn fyrirhugaðri lækkun hámarkshraða á götunni Bugðu. Þó teljum við enn mikilvægara að framfylgja og hafa eftirlit með þeim hámarkshraða sem gildir hverju sinni.



Reykjavík, 21. mars 2024

USK23010018

Umhverfis- og skipulagsráð  
Borgartún 12-14  
105Reykjavík

## Umsögn íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals - Tillaga um breytingu á hámarkshraða

Á fundi íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals 20. mars 2024, var lögð fram og samþykkt hjálögð umsögn íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals, dags. 20. mars 2024, um tillögu skrifstofu samgangna og borgarhönnunar um breytingu á hámarkshraða sem send var íbúaráðum Reykjavíkurborgar til umsagnar með bréfi umhverfis- og skipulagssviðs dags. 16. febrúar 2024, sbr. 3. liður fundargerðar sama dag.

Hjálagðri umsögn er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt,  
Heimir Snær Guðmundsson  
*Miðlæg stjórnarsýsla*  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*  
Starfsmaður íbúaráða

Hjálagt: Umsögn íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals



Reykjavík

**USK23010018**

**Umsögn íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals, dags. 20. mars 2024 um tillögu skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar um breytingu hámarkshraða, dags. 8. febrúar 2024.**

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals tekur vel í hugmyndir um lækkun hámarkshraða úr 50 km í 40 km hraða í 2. lið tillögunnar.



Reykjavík, 22. mars 2024

USK23010018

Umhverfis- og skipulagsráð  
Borgartún 12-14  
105Reykjavík

### **Umsögn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða - Tillaga um breytingu á hámarkshraða**

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða 21. mars 2024, var lögð fram og samþykkt hjálögð umsögn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða, dags. 21. mars 2024, um tillögu skrifstofu samgangna og borgarhönnunar um breytingu á hámarkshraða sem send var íbúaráðum Reykjavíkurborgar til umsagnar með bréfi umhverfis- og skipulagssviðs dags. 16. febrúar 2024, sbr. 1. liður fundargerðar sama dag.

Hjálagðri umsögn er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,  
Heimir Snær Guðmundsson  
*Miðlæg stjórnarsýsla*  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*

Hjálagt: Umsögn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða



**Reykjavík**



**USK23010018**

**Umsögn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða, dags. 21. mars 2024 um tillögu skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar um breytingu hámarkshraða, dags. 8. febrúar 2024.**

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða fagnar fyrirhugaðri lækkun hámarkshraða í Litluhlíð í 30 km/klst.